



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

Reykjavík, 8. apríl 2006.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

UMSÖGN MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTING Á LÖGREGLULÖGUM, NR. 90 13. JÚNÍ 1996, OG LÖGUM UM FRAMKVÆMDARVALD RÍKISINS Í HÉRAÐI, NR. 92 1. JÚNÍ 1989.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (hér eftir MRSÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989. 520. mál sem lagt hefur verið fram á 132. löggjafarþingi 2005 - 2006, nánar tiltekið þingskjal 520.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur farið yfir ofangreint lagafrumvarp með hliðsjón af mannréttindaákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og alþjóðsamningi Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnómálaleg réttindi, sem fullgiltur var af Íslands hálfu, með tilteknum fyrirvörum, hinn 22. ágúst 1979.

Mannréttindaskrifstofan tekur ekki afstöðu til breytinga á umdæmum og sameiningu lögregluliða en telur jákvætt að starfræktar verði sérstakar rannsóknardeildir alls staðar á landinu sem hafi sérþekkingu til að sinna rannsóknum flókinna sakamála. Aukin sérþekking innan lögreglunnar stuðlar að auknu réttaröryggi borgaranna.

Mannréttindaskrifstofan tekur undir þau sjónarmið í frumvarpinu að vinna þurfi gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi. Skrifstofan skilur nauðsyn þess að lögreglan eigi í samstarfi við erlendar löggæslustofnanir og afli og vinni úr upplýsingum og greini hættu sem tengist alþjóðlegri glæpastarfsemi, og upp að einhverju marki, hryðjuverkum eða öðru varðandi öryggi ríkisins.

Frelsi og mannréttindi borgaranna eru hornsteinar lýðræðisins. Skrifstofan áréttar að þegar kemur að öryggismálum og aðgerðum sem miða að auknu eftirliti með borgurunum verður að stíga varlega til jarðar og gæta hófs. Hafa ber hugfast að með vísan til öryggismála og hryðjuverkaógnar hefur fjöldi ríkja um allan heim sett lög sem stríða gegn viðurkenndum mannréttindareglum. Ákvæði eru oft óskýr og málefni sem venjulega hafa krafist ítarlegrar skoðunar, t.d. eftirlit með einstaklingnum og auknar rannsóknarheimildir lögreglu hafa fengið leifturhraða afgreiðslu. Ísland hefur ekki farið varhluta af þessari þróun en sérfræðingar mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, sem fylgist með framfylgd alþjóðasamnings um borgarleg og stjórnómálaleg réttindi, lýstu í fyrra áhyggjum sínum af a-lið 100. gr. almennra hegningarlaga, sem breytt var árið 2002. Nefndarmenn telja að í ákvæðinu sé „að finna óljósa og víðtæka skilgreiningu á hryðjuverkum, sem gæti náð til lögmæts athæfis í lýðræðisþjóðfélagi og stefnt því í hættu, einkum þátttöku í opinberum



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

mótmælum”. Nefndin mælist því til að Ísland „móti og taki upp nákvæmari skilgreiningu á hryðjuverkum”.

Stjórnvöldum er rétt og skylt að tryggja öryggi borgara sinna en þau skulu einnig vera meðvituð um það hlutverk sitt að standa vörð um að jafnvægi ríki milli öryggis borgaranna og mannréttinda. Mannréttindaskrifstofan telur að e.t.v. sé þörf á fyrirhugaðri greiningardeild sem meti hættu sem borgurum er búin úr ýmsum áttum. Í ljósi ofangreinds telur skrifstofan þó brýnt, til að taka af öll tvímæli um að ekki sé vegið að réttaröryggi og friðhelgi einkalífsins, að skýrar verði kveðið á um hlutverk greiningardeildarinnar og valdheimildir og hvernig staðið verði að fyrirhuguðu áhættumati.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri